Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur
9. desember 2010
49. tbl. · 27. árg.

Aldrei einmana

„Ég hef þá skoðun að maður er ekki einmana ef maður getur verið einn með sjálfum sér," segir Sigrún Gerða Gísladóttir, hjúkrunarfræðingur. Á miðopnu í dag segir hún frá æsku í ævintýraheimi, árunum á Flateyri, hjúkrunarstarfinu, leiklistinni, og þeirri gleði og þeim erfiðleikum sem hún hefur fengið að reyna í lífinu.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Gómsætar og girnilegar PIZZUR á góðu verði
Vestursjóð
Restaurant · Bar
Edinborgarhúsinu
Sími: 456 6620

Samkaup úrval góðir grannar

Sparnaðartilboð helgarinnar **9. - 12. desember**

Íslenskt lambakjöt
— eins og það gerist best

25% afsláttur

Hangilæri
úrbeinað frá Fjallalambi

2.399 kr/kg

verð áður 3.198 kr/kg

25% afsláttur

Hangiframpartur
frá Fjallalambi

1.799 kr/kg

verð áður 2.398 kr/kg

Hamborgarhryggur
frá Kjötseli

999 kr/kg

verð áður 1.298 kr/kg

P & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

Jólin 2010

...sjá fleiri sparnaðartilboð og uppskriftir á
samkaupurval.is

40% afsláttur
~~798~~
479 kr. kg
Úrvals svínabógur
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

2.798 kr. kg
Kjúklingabringur
frá Ísfugli

Góð kaup!
~~1.098~~
878 kr kg
Úrvals lambagrillleggir
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir

Klementínur smáar
2,3 kg **559** kr/ks
verð áður 679 kr/ks

45% afsláttur
~~1.798~~
989 kr kg
Úrvals svínahryggur m/pöru
úr kjötborði eða pakkaður ferskur

Rauðkál 296 kr/kg
Ferskt. Kalk- og vítamínríkt!
"Rauðkálssalat með beikoni og fetaosti"...sjá uppskrift á samkaupurval.is

30% afsláttur
~~3.498~~
2.449 kr. kg
Nauta "Prime" rif
úr kjötborði eða pökkuð fersk

Coop – gæði og gott verð

31% afsláttur
Ananasbitar
567 g **159** kr/stk
verð áður 199 kr/stk

38% afsláttur
Jarðarberjasulta
400 g **198** kr/stk
verð áður 319 kr/stk

Smábrauð 12 stk
fryst
720 g **298** kr/pk
verð áður 359 kr/pk

29% afsláttur
Gulrætur
400 g **99** kr/stk
verð áður 139 kr/stk

Sósur
3 stk **199** kr/pk
verð áður 259 kr/pk

Góð kaup!
~~759~~
698 kr. pk
Fjörís frá Kjörís 2 l
súkkulaði-, vanillu- eða karamelluís

...einstök þjónusta **í góðum verslunum**

á Akureyri, Blönduósi, Bolungarvík, Borgarnesi, Dalvík, Egilsstöðum, Grundarfirði, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Neskaupstað, Ólafsfirði, Selfossi, Siglufirði og Skagaströnd

Leiklistaráhuginn kviknaði í Morranum

Sunna Karen Einarsdóttir er ungur Ísfirðingur sem er margt til lista lagt. Hún hefur verið áberandi síðustu misseri í menningarbænum Ísafjarðarbæ í ýmsum hlutverkum, bæði á leiksviði, í kórum, í tónlistinni og einnig fyrir framan kvikmyndaupptökuvélar. Skemmst er þar að minnast frammistöðu Sunnu Karenar sem vinnukonunnar Línu í Kattholti í uppfærslu Litla leikklúbbsins um prakkarann Emil. Einnig geta kvikmyndagestir barið hana augum er ný vestfirsk kvikmynd verður frumsýnd á nýju ári.

Auk þess að syngja og leika er Sunna Karen afbragðshljóðfæraleikari og segja vinir hennar að hún geti spilað á hvaða hljóðfæri sem er þótt hún hafi einungis lært á tvö. Sjálf segist hún bara spila eftir eyranu og prófa sig áfram.

Blaðamaður Bæjarins besta fékk Sunnu Karen til að taka sér smá hlé frá annasamri stundatöflu, þar sem ýmis verkefni taka við er degi hennar lýkur í Menntaskólanum á Ísafirði, og spjallaði við hana um leiklistina, sönginn og framtíðina.

– Hvenær byrjaðir þú að koma fram?

„Ég byrjaði upp frá þrettán ára aldri að taka þátt í ýmsum skólaleikritum og viðburðum. Svo hef ég frá unga aldri verið í Tónlistarskóla Ísafjarðar, fyrst að læra á píanó og svo fiðlu, og hef komið fram á skólatónleikum. Einnig hef ég verið í mörgum kórum. Núna er ég í Kvennakórnum og Menntaskólakórnum og var í Stúlknakórnum þar til ég hafði ekki lengur aldur til. Svo er ég undirleikari hjá Gospelkór Vestfjarða.“

Sunna Karen hefur því í nógu að snúast dag frá degi.

„Annað slagið koma dagar þar sem maður þarf að vera á mörgum stöðum í einu og maður veit ekki alveg hvernig maður ætlar að fara að þessu. En það tekst alltaf á endanum. Það munar um að hafa gott fólk í kringum sig eins og t.d. leikhópinn í Emil í Kattholti. Mér finnst yfir höfuð gaman að koma fram, hvort sem það er að leika, spila eða syngja. Ég byrjaði í listavali í 9. bekk og var í Morranum öll þrjú sumrin í gagnfræðaskóla og þar kviknaði leiklistaráhuginn.“

Sunna Karen var meðal þeirra sem kom fram í leit sjónvarpsþáttarins Hringekjunnar að hæfileikaríkasta Íslendingnum. Aðspurð hvernig það hafi komið til segir hún að það sé skondin saga að segja frá því.

„Ég fékk símtal seinnipart sunnudags þegar ég var í kaffiboði hjá ömmu minni og var beðin um að taka þátt í þessari keppni um hæfileikaríkasta Íslendinginn. Það fyrsta sem ég hugsaði var: Ég hef aldrei skráð mig í neitt svoleiðis?! En svo útskýrði Katla Margrét Þorgeirsdóttir þetta fyrir mér og spurði hvort ég gæti verið tilbúin með atriði daginn eftir kl. 15, og að ég mætti gera hvað sem er. Ég auðvitað greip þetta frábæra tækifæri og fór svo að brjóta hugann um hvað ég ætti að gera. Eftir kaffiboðið fór ég á æfingu fyrir Emil og svo heim til þess að læra undir tvö próf sem ég fór í daginn eftir. Svo var ég í skólanum á mánudeginum frá kl. 8 til 15 og hljóp niður í Hamra í upptöku, ekki með neitt atriði tilbúið! En á meðan það var verið að stilla upp ljósum og hljóðmaskínum fann ég mér lag sem ég kunni ágætlega og ákvað að kýla á það. Við tókum þetta hvort eð er svo oft upp, vegna smá tæknilegra örðugleika, svo að ég var alveg búin að læra það í lokin.“

– Aðspurð hvort hún ætli að leggja leiklist eða söng fyrir sig í framtíðinni brosir Sunna Karen hæglátlega, ypptir öxlum og segir:

„Það er aldrei að vita. Ég ætla vona að ég fái að vinna við það sem ég hef gaman af í framtíðinni, en það verður bara að koma í ljós hvað það verður.“

Auðveldara að leika ólíka týpu

– En er einhver tími fyrir önnur áhugamál hjá Sunnu Karen?

„Þetta eru nú áhugamálin, tónlistin og leiklistin. En stundum er ansi mikið að gera en maður púslar þessu saman og með góðu skipulagi er gengur þetta allt upp.

Sunna Karen leikur eitt af burðarhlutverkunum í vestfirsku kvikmyndinni Vaxandi tungl sem frumsýnd verður um næstu páska. Hún segir að það hafi verið mjög gaman að leika í kvikmynd.

„Það er allt öðruvísi en að leika á sviði og mjög gaman að fá að kynnast þeirri hlið leiklistar líka. Ég hef aldrei gert neitt svoleiðis áður, en fékk fullt af hjálp frá þeim sem voru reyndari, leikstjórinn og allir í kringum þetta voru líka frábærir. Það var líka mjög gaman að vinna með nýju fólki. Þetta var mjög spennandi verkefni.“

Sunna Karen fór ásamt meðleikurum sínum í áheyrnarprufu í janúar. Tökur hófust á páskunum og var svo lokið í sumar eftir nokkurra mánaða hlé. Sunna Karen leikur Söru sem er tengdadóttir hjónanna sem myndin fjallar um.

„Sara er frjálsleg og öðruvísi en aðrir í fjölskyldunni og kemur sumum í opna skjöldu. Hún hefur ákveðin áhrif á framvindu sögunnar.“

– Er þá ekki óhætt að segja að þú sért að leika persónu sem er ólík þínu eðli.

„Já, hún er allt öðruvísi. Ég fékk reyndar ekki hlutverkið sem ég fór í áheyrnarprufuna fyrir. Hlutverkið sem ég hreppti er nú samt eiginlega skemmtilegra en það sem ég hafði augastað á fyrst. En það er bara gaman að bregða sér í allt annað gervi. Og ekki get ég beint sagt að Lína í Kattholti sé lík mér,“ segir Sunna Karen hlæjandi.

– Er ekkert erfitt að leika persónu sem er allt öðruvísi en maður sjálfur?

„Nei, það er eiginlega auðveldara að leika einhverja allt aðra manneskju en mann sjálfan. Það er auðveldara að vera gamall kall á sviði en maður sjálfur,“ segir þessi efnilega unga kona sem án efa á framtíðina fyrir sér hvort sem það verður á fjölunum eða í öðru hlutverki á leiksviði lífsins.

– thelma@bb.is

Klæddu þig vel

Mjúkt og hlýtt

VATNAJÖKULL

PrimaLoft jakki

Einstaklega léttur og lipur jakki sem hentar við ólík tækifæri. PrimaLoft fyllingin er sérlega mjúk og létt á sama tíma og hún er hlý og vatnsfráhrindandi. Hár kragi, skjólgóð hetta, sérmótað snið á olnbogum og tveggja sleða rennilás eru allt þættir sem gera Vatnajökul PrimaLoft jakkann að einstakri flík.

PRIMALOFT

66° NORÐUR

KALDI

húfa & vettlingar

Virgin ullarblanda

Húfa og vettlingar úr Virgin ullarblöndu. Fóðrað að innan með mjúku gerviskinni. Hlýtt og notalegt.

KRÍA

ungbarna jakki & buxur

POLARTEC® Thermal Pro®

Hlýr heilrenndur flísjakki með góðum kraga. Þægilegar buxur með teygju í mittið.

SURTSEY

húfa

100% Acryl

Hlý og góð húfa með vindþéttri filmu í þeim hluta húfunnar sem fer yfir eyrun.

Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5, Faxafen 12, Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerártorg. **Leifsstöð** og **Hafnarbúðin, Hafnarhúsinu**, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Um 30 manns tóku þátt í blótinu á Silfurtorgi.

Blótuðu til heiðurs landvættunum

Um þrjátíu manns mættu á vættablót sem haldið var á Silfurtorgi á Ísafirði í síðustu viku en slíkt blót fór fram á sama tíma í öllum fjórðungnum landsins. Þátttakendur blótsins létu vind og kulda ekki á sig fá og mynduðu hring á torginu við blaktandi eld frá kyndlum. Eins og nafnið gefur til kynna var blótið tileinkað landvættunum. Að athöfn lokinni gekk horn milli manna svo þeir gætu drukkið heill einhvers og völdu margir móður jörð, goð og menn.

Á Íslandi eru taldir vera fjórir landvættir, einn fyrir hvern fjórðung: Griðungur fyrir Vestfirði, Gammur fyrir Norðurland, Dreki fyrir Austfirði og Bergrisi fyrir Suðurland. Landvættirnir prýða skjaldarmerki landsins.

Guðný Ása Bjarnadóttir kveikti ljósin á tré Bolvíkinga í ár. Myndir Reynir Skarsgård.

Ljósin kveikt á jólatré Bolvíkinga

Ljósin á jólatré Bolvíkinga voru tendruð á laugardag en það stendur við Félagsheimili Bolungarvíkur. Mikið var um dýrðir við Félagsheimilið í tilefni af tendrun ljósanna. Kirkjukórinn söng nokkur lög og flutt var jólahugleiðing. Hin 7 ára gamla Guðný Ása Bjarnadóttir kveikti svo ljósin á trénu með aðstoð Elíasar Jónatanssonar, bæjarstjóra Bolungarvíkur. Vitaskuld mættu jólasveinar á svæðið og voru í besta skapi. Færðu þeir börnunum góðgæti í tilefni dagsins.

Jólasveinarnir mættu galvaskir á svæðið og færðu krökkunum góðgæti í tilefni dagsins.

Spurningin

Ertu sátt(ur) við hag þinn og þinna nánustu?

Alls svöruðu 455.
Já sögðu 203 eða 45%
Nei sögðu 252 eða 55%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Ákveðin vestlæg átt. Súld eða dálítil slydda, en þurrt að mestu um austanvert landið. Hiti 2-8 stig. **Horfur á laugardag:** Útlit fyrir sunnan- og suðvestanátt með dálítilli vætu sunnan- og vestanlands, en annars bjart að mestu. Áfram milt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Útlit fyrir sunnan- og suðvestanátt með dálítilli vætu sunnan- og vestanlands, en annars bjart að mestu.

Ritstjórnargrein

Grípum tækifærin

Veiðimaður lætur ekki marga fugla fljúga hjá, án þess að grípa til hólksins, í þeirri von að síðar meir kunni ef til vill einhver vænlegri að eiga leið fram hjá og þá sé eins gott að vera ekki búinn að eyða púðrinu. Slíkir veiðimenn sitja oftast eftir með sárt ennið. Þá þarf ekki magra vitna við til sönnunar fyrir því að betri er einn fugli í hendi en tveir í skógi.

Bæjarins besta hefur þrásinnis hamrað á þeirri augljósu staðreynd að bæjaryfirvöld verði að grípa hvert tækifæri, sem leitt gæti til aukinna umsvifa og atvinnuaukningar, greiða með öllum mögulegum hætti fyrir hingað komu fyrirtækja, og styðja við bakið á þeim sem fyrir eru, eftir föngum. Ástandið kallar á að allir leggist á árar; þótt alltaf sé þörf í þessum efnum er nú brýn nauðsyn.

Tími stöðugra vangaveltna um niðurskurð þjónustu og framkvæmda annars vegar og tekjumissis hins vegar, sníður bæjaryfirvöldum þrengri stakk en í normal árferði. Við slíkar kringum stæður kunna bæjarfulltrúar að standa frammi fyrir því hvort hrökkva eigi eða stökkva, hvað varðar afgreiðslu einstakra mála. Tíminn er dýrmætur.

Orð eru sögð til alls fyrst. Ekki vantar að í gegnum tíðina hefur fjölmörgum hugmyndum um atvinnusköpun hér vestra verið velt upp, sem fullvíst má telja að hefðu orðið hefðu bæjarfélaginu til framdráttar, ef athafnir hefðu fylgt í kjölfarið. Hvað olli að þar urðu orð í senn upphaf og endir skal engum getum að leitt.

Vel skal vanda sem lengi á að standa. Skipulag byggða er eitt margra verka sem sveitarstjórnir þurfa að taka afstöðu til. Eflaust er rétt að til þeirra verka megi ekki kasta höndunum, eins og oft er orðað. Umsókn um heimild til að reisa 20 smáhýsi í Tungudal til útleigu fyrir ferðamenn, knýr nú á um deiliskipulag á svæðinu. Meðan það er óafgreitt er málið í biðstöðu. Við því er í sjálfu sér ekkert að segja. Hins vegar skulu hafðar uppi efasemdir um lokaorð yfirlýsingar í nafni Umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar, sem birtist á bb.is. á Fullveldisdaginn: ,,Hugmyndin (um sumarhúsabyggðina) er líka það góð að ef hann (umsækjandinn) getur ekki beðið nokkra mánuði, getur einfaldlega einhver annar framkvæmt hana.“

Það styttist í að þrjú ár séu liðin síðan samningurinn um vatnssölu til Brúarfoss ehf var undirritaður. Því miður virðast engar blikur á lofti um jákvæð endalok þess máls. Og hvað með bensínið? Er enn beðið eftir að Atlantsolíu þóknist að standa undir gefnum væntingum?

Fuglinn sem flaug hjá og okkur fannst ekki taka að eyða púðri á snýr ekki aftur í bráð.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, símí 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, símí 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Kristján Torfi Einarsson, símí 456 4560, *kte@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, símí 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

V313 All-in-One prentari

14.900,-

Þessi hraðvirki prentari er ótrúlega þægilegur - og á góðu verði.

23" Ultrasharp Wide LCD skjár

69.950,-

Dell UltraSharp U2311 magnaður skjár, frábær fyrir þá sem eru að vinna með ljósmyndir þökk sé IPS (In-Panel Switching) tækninni.

Inspiron M301Z

Góð í jólapakkann með fágað burstað stálútlit og orkusparandi örgjörva frá AMD ásamt WLED skjá til að auka rafhlöðuendinguna.

114.900,-

- AMD Athlon II Neo K125 (single core) örgjörvi
- 1.7GHz, 1MB L2 Cache - Ultra Low Voltage
- AMD RS880M kubbasett með SB820 south bridge
- Windows 7 Home Premium (64Bit)
- 3GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
- 250GB 5.400rpm harður diskur
- 13.3" WLED Truelife skjár (1366x768)
- 3ja ára ábyrgð / 1 ár á rafhlöðu

XTREAMER-PRO

Mögnuð græja, ný hönnun, nýtt viðmót. Myndspilari sem býður upp á gífurlegt gagnapláss ásamt „streaming".

44.900,-

- Xtreamer myndspilari, 2x Sata 2 3,5" HDD
- Ótrúlega flott box, ný hönnun, nýtt
- Afspilunartæki með „streaming" möguleika
- Fyrir tölvu/sjónvarp/skjávarpa/net,
- HD afspilun, HDMI tengi 1.3a
- Upplausn allt að 1080p & 7.1 CH Passthrough
- „Browse" og „Live Streaming" af netinu
- Ábyrgð: 2 ár

Kodak Playsport ZX3

Playsport ZX3 er algert undratæki, vatnsheld og sterkbyggð video-upptökuvél með hristivörn.

39.950,-

- Video upplausn: 1080p-1920 x 1080
- Vatnsheld: Allt að 3 metrar
- Video upptaka með hljóði
- USB 2.0 (High speed), AV out, HDMI
- 128MB innra minni
- Tengirauf fyrir SD/SDHC minniskort
- Skjástærð: 2"
- Stærð: 58,0 x 112,5 x 19,5mm
- Þyngd: 128 g
- Ábyrgð: 2 ár

Kodak Mini - grá

Ein góð til að taka með sér hvert sem er. Lítil og nett tökuvél sem hentar í hvaða vasa sem er.

16.950,-

- Video upplausn: VGA (640x480 @ 30 fps)
- Vatnsheld: allt að 3 m dýpi (10 ft.)
- Video upptaka með hljóði
- USB 2.0 (High speed)
- 128MB innra minni
- Tengirauf fyrir MICROSD/MICROSDHC minniskort
- Skjástærð: 1.8"
- Stærð: 60,0 x 90,0 x 12,0 mm
- Þyngd: 71 g
- Litur: grár (fæst einnig í rauðum og bláum)
- Ábyrgð: 2 ár

Kodak EasyShare C190

Hágæða myndir á einfaldan hátt með C190. Góð myndgæði og videoupptaka með hljóði.

19.950,-

- Upplausn myndavélar: 12.3 Mpixel
- Hámarksupplausn (pix): 4096x3016
- Stafrænn aðdráttur: 5x
- Optical aðráttur: 5x
- Video upptaka með hljóði
- Hámarks video upplausn: 640x480 (30fps)
- Skjástærð: 2.7"
- Stærð: 93.9 x 64.5 x 29.5mm
- Þyngd: 129 g
- 2 AA Alkaline rafhlöður
- Ábyrgð: 2 ár

NetHEIMAR

Aðalstræti 20 Ísafirði
Sími 450-6000

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Benedikt hættir hjá Vestra

Bolvíkingurinn Benedikt Sigurðsson, sem séð hefur um sundþjálfun hjá Vestra á Ísafirði, lætur af störfum um áramótin. „Ég hef staðið vaktina í 10 ár og langar einfaldlega til að breyta til og snúa mér að öðrum verkum," segir Benedikt sem hefur samhliða sundþjálfuninni verið í fullu starfi sem veðurathugnarmaður auk þess að vera eftirsóttur skemmtikraftur og söngvari.

„Ég hef t.d. hug á að fara æfa meira og taka þátt í fleiri hlaupum á næsta ári. Þá eigum við einnig von á nýjum fjölskyldumeðlimi um áramótin, þannig það verður nóg að gera á mínu heimili," segir Benedikt.

Bakkaskjóli lokað 1. júní

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að loka leikskólanum Bakkaskjóli í Hnífsdal frá og með 1. júní á næsta ári. Það var fræðslunefnd sveitarfélagsins sem lagði þetta til í ljósi fækkunar barna í Ísafjarðarbæ og þess að leikskólarnir Eyrarskjól og Sólborg anna þörf allra barna 18 mánaða og eldri, sem sótt er um leikskólapláss fyrir í Hnífsdal og á Ísafirði.

Tillagan byggist einnig á því að foreldrar flestra barna sem boðið er pláss á Bakkaskjóli, segja plássinu upp þegar losna pláss á Eyrarskjóli eða Sólborg. Bæjarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða.

Nýtir 50% af rétti sínum

Súðavíkurhreppur hefur samþykkt að nýta 50% af grunnrétti sínum til að kaupa viðbótarhlutafé í Melrakkasetri Íslands. Hefur sveitarstjórn samþykkt að skrá sig fyrir viðbótarhlut að upphæð 708.219 kr. Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lagt fram bréf frá Melrakkasetrinu þar sem greint var frá því að ákveðið hefur verið að auka við hlutafé félagsins úr 2.190.000 kr. í 5.000.000 kr. Sveitarfélagið á 50,23% hlutafjár í félaginu og á því rétt á að kaupa viðbótarhlutafé fyrir 1.416.438 kr.

Í nýrri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins dragist saman um 80 milljónir króna.

Tekjur Ísafjarðarbæjar dragast saman um áttatíu milljónir króna

Gert er ráð fyrir að tekjur Ísafjarðarbæjar lækki um 80 milljónir króna á næsta ári og verði 2.588 milljónir. Fjárhagsáætlun bæjarins var tekin til fyrri umræðu fundi bæjarstjórnar í síðustu viku og er í áætluninni gert ráð fyrir að sveitarfélagið verði rekið með 100 milljón króna halla á næsta ári. Í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ segir að fjárfestingum verði þó mjög stillt í hóf miðað við fyrri umræðu og greitt verði meira af lánum en tekið verður að láni, þannig að skuldir muni lækka. Fyrir utan erfitt rekstrarumhverfi, eru ástæðurnar fyrir taprekstrinum lækkun á tekjum úr Jöfnunarsjóði, en ef áætlanir ganga eftir munu þær lækka úr 618 milljónum króna árið 2008 niður í 339 milljónir á næsta ári. Jafnframt hefur rekstur Fasteigna Ísafjarðarbæjar verið sveitarfélaginu erfiður en félagið var rekið með miklu tapi síðastliðið ár og verður svo áfram á næsta ári.

Haft er eftir Daníel Jakobssyni bæjarstjóra í tilkynningunni að ef það tekst að stöðva fólksfækkun á svæðinu og reglum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði verði breytt eins og fyrirhugað er, og ef viðunandi lausn í málefnum Fasteigna Ísafjarðarbæjar finnst, eigi rekstur sveitarfélagsins að vera í góðu jafnvægi. „Það að skila sveitarfélaginu með halla er þó ekki viðunandi til lengdar en réttlætanlegt í núverandi umhverfi," segir Daníel.

Deiliskipulag fyrir Tungudal

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar fjallaði um nýtt deiliskipulag fyrir Tungudal og Tunguskóg í síðustu viku. Vinna við skipulagið hófst snemma í haust en Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður nefndarinnar segir þó enn töluvert í að nýtt skipulag liggi fyrir. „Vinna við svona deiliskipulag getur tekið marga mánuði en hún er í fullum gangi og við ætlum að vinna þetta hratt og vel. Það er hins vegar mjög mikilvægt að vandað sé til verka og þá sér í lagi þegar um er að ræða stað eins og Tungudal, sem er útivistarsvæði fyrir almenning. Við höfum verið að taka upp nýja aðferðarfræði í tengslum við deiliskipulag líkt og við notuðum við gerð aðalskipulagsins, en fyrir þá vinnu fékk bæjarfélagið verðlaun fyrir stuttu," segir Albertína sem segist ekki geta tiltekið nákvæmlega hvenær deiluskipulagið muni liggja fyrir. „Það eru svo margt sem getur komið upp í vinnsluferlinu að það er næsta ómögulegt að segja fyrir um hvenær því líkur."

Vinna við deiliskipulagið hófst í kjölfar þess að athafnamaðurinn Guðmundur Tryggvi Ásbergsson lagði fram umsókn í ágúst síðastliðnum um leyfi til að reisa 20 smáhýsi í Tungudal. Í samtali við BB þá sagði Guðmudur að allt væri tilbúið frá hans hendi og hann biði eftir grænu ljósi frá bæjarfélaginu. Stóðu vonir Guðmundar til að hægt yrði að leigja fyrstu húsin út næsta sumar. Miðað við tímann sem það tekur að vinna nýtt deiliskipulag er ljóst að ekki verður hægt að ráðast í byggingu húsanna í tæka tíð.

Aðspurð segir Albertína ekki óttast að langur vinnslutími deiliskipulagsins verði til þess að draga úr framkvæmdum. „Hugmyndirnar um smáhúsabyggð eru mjög spennandi en framkvæmdir geta ekki hafist fyrr en að nýtt deiliskipulag liggur fyrir. Þær verða því bíða rétt eins og allar framkvæmdir sem kalla á jafn viðamiklar skipulagsvinnu og það getur enginn fengið sérmeðferð í þessum efnum. Hugmyndin er líka það góð að ef hann getur ekki beðið nokkra mánuði, getur einfaldlega einhver annar framkvæmt hana," segir Albertína. *– kte@bb.is*

Þýskir sérfræðingar algengastir

Hinn hefðbundni erlendi ferðamaður sem leggur leið sína til Vestfjarða er líklega Þjóðverji á aldrinum 26-35 ára. Hann hefur klárað framhaldsnám í háskóla og vinnur sem sérfræðingur en er ekki með mjög háar tekjur. Helstu áhugamálin eru umhverfisvernd og útivist. Þetta er ein af niðurstöðum könnunar sem Rannsókna- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Markaðsstofa Vestfjarða og Atvest stóðu fyrir á tímabilinu 2008-2010. Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem sækja Vestfirði heim koma frá mið-vestur Evrópu en á eftir Þýskalandi koma þeir helst frá Frakklandi, Sviss, Bretlandi, Austurríki og Hollandi. Norðurlandabúar eru hins vegar nokkuð færri.

Á árabilinu 2008-2010 er helst að merkja að Austurríkismönnum og Bretum hefur fjölgað töluvert á meðan Hollendingum hefur fækkað. Náttúran er lang algengasta ástæðan fyrir því að erlendu ferðamennirnir leggja leið sína til Vestfjarða og einnig eru útivist ásamt hvíld og afslöppun algengar ástæður.

Íslenski ferðamaðurinn sem kemur til Vestfjarða er á aldrinum 26-55 ára og hefur mjög líklega lokið a.m.k. fyrstu háskólagráðu. Hann vinnur líklega sem sérfræðingur og býr á höfuðborgarsvæðinu. Þeir íslensku ferðamann sem koma til Vestfjarða hafa mjög líklega komið áður í 2-6 skipti. Ólíkt erlendu ferðamönnunum sem helst laðast af náttúru Vestfjarða, er algengast að íslensku ferðamennirnir komi í leit að hvíld og afslöppun, en náttúran og heimsóknir til vina og ættingja voru líka algengar ástæður fyrir ferðalagi vestur á firði.

Hátíðarstemmning á jólatorginu

Fjölmenni var viðstatt er ljósin á jólatré Ísfirðinga á Silfurtorgi voru tendruð á laugardag. Jólatréð er gjöf frá Húsasmiðjunni eins og undanfarin þrjú ár. Í tilefni af tendruninni var mikið um dýrðir á Silfurtorgi. Styrktarfélag Tónlistarskóla Ísafjarðar var með árlega torgsölu þar sem alls kyns varningur var til sölu, allt frá harðfiski til hins margrómaða laufabrauðs. Lúðrasveit Ísafjarðar lék nokkur jólalög og kórar Menntaskólans og Tónlistarskóla Ísafjarðar sungu nokkur lög. Að loknu ávarpi Albertínu Friðbjargar Elíasdóttur, bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ, var kveikt á jólatrénu.

Hápunktur dagsins var að sjálfsögðu koma jólasveina sem sjaldan láta sig vanta á slíka fögnuði á þessum árstíma. Að þessu sinni mætti Stúfur á reiðhjóli og sannaði fyrir viðstöddum enn og aftur að margur er knár þótt hann sé smár. Með í för voru tveir af bræðrum hans Hurðaskellir og Þvörusleikir. Skemmtu þeir viðstöddum með söng sínum og

færðu krökkum góðgæti.

Ungir jafnt sem aldnir virtust skemmta sér konunglega en fyrir marga er tendrun jólaljósanna sá viðburður sem kemur þeim í jólagírinn.

– thelma@bb.is

Hver verður Vestfirðingur ársins 2010?

Bæjarins besta og bb.is efna til kosninu á Vestfirðingi ársins í samvinnu við Gullauga á Ísafirði og Skýrr hf. í Reykjavík líkt og gert hefur verið undanfarin níu ár. Til að koma tilnefningum á framfæri þarf að smella á auglýsingaborða bb.is og fylla út sérstakt form sem þar er á undirsíðu. Lesendur bb.is eru hvattir til að taka þátt í valinu og tilnefna þann Vestfirðing sem þeir telja að verðskuldi þessa nafnbót og eru þeir beðnir um að vanda valið þar sem öndvegis fólki hefur hlotnast þessi heiður í gegnum árin. Sá sem útnefninguna hlýtur fær henni til staðfestingar veglegan farandgrip frá Gullauga. Hægter að skila inn tilnefningum til 31. desember. Tilkynnt verður um úrslitin fljótlega eftir áramótin.

Í fyrra tóku á fimmta hundrað manns þátt í kosningunni, mun fleiri en árið áður, og alls voru 72 tilnefndir. Sigurvegarinn hlaut þó afgerandi kosningu en það var Önfirðingurinn Halldór Gunnar Pálsson, hljómlistarmaður og kórstjóri Fjallabræðra, þessa einstæða karlakórs sem sungið hefur sig inn í hjörtu landsmanna með eftirminnilegum hætti og nýtur sívaxandi vinsælda.

Í gegnum árin hafa þessar vestfirsku hetjur komið úr hinum ýmsu geirum mannlífsins. Vestfirðingur ársins 2008 var Egill Kristjánsson, 88 ára sjómaður á Suðureyri við Súgandafjörð. Vestfirðingur ársins 2007 var Arna Sigríður Albertsdóttir nemi við Menntaskólann á Ísafirði. Vestfirðingur ársins 2006 var Sunneva Sigurðardóttir stofnandi Sólstafa á Vestfjörðum. Vestfirðingur ársins 2005 var Sigríður Guðjónsdóttir, íþróttakennari á Ísafirði. Vestfirðingur ársins 2004 var valinn Örn Elías Guðmundsson tónlistarmaður. Vestfirðingur ársins 2003 var Magnús Guðmundsson, sjómaður á Flateyri og árið 2002 var kjörinn Hlynur Snorrason, rannsóknalögreglumaður. Árið 2001 varð Guðmundur Halldórsson, þáverandi formaður Eldingar á Vestfjörðum fyrir valinu.

Með gleði
að leiðarl

**Sigrún Gerða Gísladóttir elti ástina til Flateyrar fyr
tæpum fjörutíu árum síðan, þegar hún flutti á Sólbak
ásamt verðandi eiginmanni sínum, Einari Oddi Kristjá
syni. Hún hefur lífsgleði og leik að leiðarljósi og er hal
miklum metnaði og fróðleiksþorsta, enda hefur hún ek
enn hætt göngunni um menntaveginn. Sigrún segir bla
manni frá samningnum við náttúruna, starfi sínu vi
hjúkrun, leiklistinni, áhuga sínum á samfélaginu og áf
inu sem hún varð fyrir við skyndilegt andlát Einars Od**

Alin upp í ævintýralandi

Sigrún Gerða er fædd í Reykjavík árið 1943 og alin upp á Melunum. Þeir voru þá í byggingu, og hálfgert ævintýraland fyrir unga krakka, eins og hún segir blaðamanni frá yfir rjúkandi kaffibolla í stofunni á Sólbakka, meðan sólin gyllir fjallstoppana í Önundarfirðinum.

Faðir Sigrúnar, Gísli Þorleifsson, var byggingameistari, en móðir hennar, Brynhildur Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Sigrún ólst upp ásamt systkinum sínum tveimur í fallegu húsi að Grenimel 5, þar sem einnig bjuggu amma hennar og tvær föðursystur ásamt fjölskyldum. Það var því mikið fjölskylduhús og mikið um að vera.

Hún segir umhverfið í Vesturbænum hafa verið stórskemmtilegt fyrir börn á hennar aldri. „Þar sem Hótel Saga er í dag var stærsti drullupollur Reykjavíkur og timburgeymsla. Svo var það KR, íþróttavöllurinn, Camp Knox, Ægissíðan, Grímsstaðaholtið... Þetta var algjör ævintýraheimur og ég á ekki nema mjög skemmtilegar og yndislegar minningar úr æsku minni. Maður sér það líka, það eru margir af rithöfundum nútímans að skrifa um þetta tímabil og mér finnst ég hafa verið heppin að alast upp á svona áhugaverðum tíma," segir Sigrún.

Þegar Sigrún var tíu ára gömul lést Gísli faðir hennar. „Það breytti auðvitað miklu. Móðir mín fór þá aftur að vinna sem hjúkrunarfræðingur. Systir mín var þremur árum eldri en ég, en bróðir minn var átján ára þegar pabbi dó. Eins og aðrir unglingar á þeim tíma þurftum við að hjálpa til við rekstur heimilisins og fórum öll að vinna," segir Sigrún.

„Það var hins vegar mikil samheldni í fjölskyldunni og við áttum stórar fjölskyldur báðum megin. Það var allt gert til þess að gera lífið léttara og ánægjulegt. Ég hafði gott fólk í kringum mig og gífurlega væntumþykju og kærleika. Ég man varla eftir því að hafa verið sorgmædd og ég held ekki að ég beri nein sár eftir föðurmissinn. Ef eitthvað er hefur hann kannski undirbúið mig betur fyrir lífið," segir hún.

Geystist fram menntaveginn

Móðir Sigrúnar hafði sjálf lært hjúkrunarfræði í Danmörku á sínum tíma og var það henni mikilvægt að börn hennar þrjú hlytu sömuleiðis góða menntun. Eftir að hafa lokið gagnfræðaprófi í Hagaskólanum fór Sigrún því í Lýðháskóla í Kungälv í Svíþjóð. Hún hafði þó áður verið í sveit í Danmörku. „Þar lærði ég góða danska siði, matargerð og sultugerð og ýmislegt sem maður þarf að kunna fyrir sér. Þetta var allt úthugsað hjá móður minni," segir hún og hlær við.

Að árinu í Svíþjóð loknu hélt hún hins vegar aftur til Íslands, enda staðráðin í að hefja nám í Hjúkrunarskóla Íslands. „Ég fann það alveg frá byrjun að það var starf sem ég gat vel hugsað mér að gera að mínu ævistarfi," segir Sigrún. „Það var samt ekki fyrir áhrif mömmu, held ég. Hins vegar eru hjúkrunarfræðingar í fjölskyldunni og formæður mínar hafa verið ljósmæður. Margt af fólkinu mínu hefur annað hvort verið hjúkrunarfræðingar eða læknar, eða í leiklist. Það er þarna bæði þessi gleði og leikur og svo líka þetta næmi fyrir umönnun og umhyggju."

Sigrún útskrifaðist frá Hjúkrunarskóla Íslands árið 1965 og hélt þá aftur til Svíþjóðar, ásamt öðrum metnaðargjörnum skólasystrum sínum. Hún bjó í Stokkhólmi um skeið og lærði gjörgæsluhjúkrun, en hélt þá til Uppsala og lærði hjúkrun hjartasjúklinga. „Þegar ég var búin að vera þar í rúmt eitt og hálft ár kom svo yfir mig alveg gífurleg löngun til að fara til Englands – sem ég gerði," segir Sigrún kankvís.

„Ég var í Svíþjóð núna í haust að heimsækja vinkonur mínar og við hlógum einmitt mikið að þessari ákvörðun – að fara úr vel launuðu og fínu starfi og æða af stað til Englands! En ég fór nú aðallega vegna forvitni, mig langaði að kynnast breskum siðum og læra málið. Svo langaði mig líka að læra meira í hjartahjúkrun og gjörgæsluhjúkrun og Bretar voru mjög framarlega á þeim sviðum," útskýrir Sigrún, sem segir starfsumhverfið í Bretlandi þó hafa verið töluvert frábrugðið því sem hún hafði vanist í Svíþjóð.

„Svo ég tali nú ekki um launamuninn! Þetta var svolítið eins og eitthvað Florence Nightingale verkefni hjá manni," segir hún og hlær. „En þetta var samt mjög gaman og mikil upplifun að koma til Bretlands. London er alveg dásamleg borg."

Hreifst af Sólbakka

Það var eftir heimkomuna frá Bretlandi sem Sigrún kynntist fyrir tilviljun útgerðarmanninum Einari Oddi Kristjánssyni, sem átti eftir að verða eiginmaður hennar.

„Við kynntumst í gegnum góða vini sem ég hafði kynnst á Akureyri, Gunnar og Ínu," segir Sigrún frá, en svo skemmtilega vill til að þau eru foreldrar Illuga Gunnarssonar, sem er í dag tengdasonur Sigrúnar. „Þessi vinahópur þekkti útgerðarmanninn Einar og við hittumst fyrir tilviljun í Hvalfirðinum um Verslunarmannahelgi árið 1970. Rúmu ári síðar vorum við gift. Þetta gekk frekar hratt, enda er ég nú vön að taka ákvarðanir annað hvort núna eða ekki," segir Sigrún og skellir upp úr.

„Einar elskaði að segja sögu af því að ég hafi, mörgum árum eftir að við vorum gift, vaknað upp með andfælum einhverja nóttina og sagt, „Þetta er hræðilegt, Einar! Þú baðst mín aldrei!" Þetta þótti honum fyndið. Og auðvitað var það ég sem tók ákvörðunina um að við giftum okkur, það var alveg rétt hjá honum," segir Sigrún kímin.

Þegar Sigrún kom fyrst á Flateyri vorið 1971, nokkrum mánuðum fyrir áðurnefnt brúðkaup, var Einar að byggja sér íbúðarhús á eyrinni. Það varð þó ekki af því að þau flyttust þangað, því Sigrún kom auga á litla íbúðarhúsið að Sólbakka og varð ekki haggað um að þar skyldu þau búa. „Einar var nú ekki alveg á því. En ég var alveg ákveðin og fór aldrei inn í húsið sem hann var að byggja. Hann varð að selja það og við fluttum á Sólbakka, sem á sér mjög merka sögu. Hér var heimili athafnamannsins Ellefsen sem hóf hér hvalveiðar og reisti húsið sem síðar varð ráðherrabústaðurinn sem nú stendur við Tjarnargötu," segir Sigrún, sem kveðst alltaf hafa liðið vel á Sólbakka.

Lærði á náttúruna

„Ég hef aldrei verið óörugg hérna. Ég lærði líka á náttúruna. Mér var kennt að á milli Flateyrar og Sólbakka væri snjóflóðahætta og kennt að meta það sjálf hvenær væri hætta og hvenær ekki. Ég virti náttúruna og vissi að hún gat verið hörð, þó ég hefði aldrei reiknað hana jafn harða og hún varð árið 1995. En það sýnir líka þrautseigju, dugnað og gleðina í brjósti fólks að við skulum vera hér saman, Flateyringar í dag," segir Sigrún.

Hún setti sér það markmið eftir flutningana vestur að kynnast náttúrunni almennilega og hræðast hana ekki. „Ég varð að kynnast henni á hennar forsendum, fannst mér. Ég vildi ekki heldur vera háð neinum með komast á milli staða. Ég var svo heilluð af landinu og vildi lifa í sátt og samlyndi við náttúruna. Fyrsta veturinn sem ég var hérna fékk ég jeppann hans Einars þess vegna oft lánaðan og keyrði upp á heiði, fram og til baka og aftur á bak og áfram, festi mig og mokaði mig út úr sköflunum. Ég var æfa mig í að keyra í snjó, því það er töluverð æfing. Ég festist auðvitað alveg hægri, vinstri og Flateyringar hlógu bara að mér. Þeir voru ekkert að hjálpa mér, því þeir vissu að ég væri að æfa mig," segir Sigrún brosandi. „Eftir á að hyggja var það kannski þess vegna sem ég fór í bakinu, af því að ég var alltaf að moka," bætir hún hugsi við.

Aldrei einmana

Fjörutíu árum eftir að hafa flust frá höfuðborginni til Flateyrar, segist Sigrún enn hitta fyrir fólk sem spyrji hana hvort hún búi þar virkilega enn. „Mér finnst það nú alveg með ólíkindum að fólk sé ennþá undrandi yfir því að ég sé hér fyrir vestan. Ég á hér yndislegt heimili sem mér finnst vera fallegasti staður á jarðríki!" segir Sigrún og kímir.

ina
ljósi

ir ka ns- din kki ða- ð all- ds.

„En það þótti nú líka fyrir neðan allar hellur í mínum vinahóp á sínum tíma þegar svona metnaðarfull ung kona fluttist til Flateyrar, og fór úr góðu starfi. Ég var þá aðstoðardeildarstjóri á hjartadeild Landspítalans og deildarstjóri við hjartaþræðingardeildina. Og að giftast útgerðarmanni var alveg út í hött – þeir voru bara glæponar og stórhættulegir," segir hún og skellir upp úr. „Mér var upphaflega spáð hálfs mánaðar dvöl hér. Vinahópurinn hafði ekki meiri trú á útgerðarmanninum en það," bætir hún við.

Sigrún hefur nefnilega alltaf unað sér vel á Sólbakka og aldrei langað að flytjast aftur til Reykjavíkur. „Eftir að Einar byrjaði sem þingmaður reyndi ég að vera í Reykjavík yfir vetrartímann með honum í tvo vetur. Ég hafði mjög áhugavert starf á krabbameinsdeild Landsspítalans. Ég hafði ekki unnið við hjúkrun krabbameinssjúklinga áður og fannst það afskaplega áhugavert og gefandi starf. En þrátt fyrir það leið mér ekkert vel fyrir sunnan, svo ég tók þá ákvörðun að koma aftur vestur. Við Einar vorum bæði ánægð með það, honum fannst líka gott að geta bara komið heim," segir Sigrún.

Hún yfirgaf þó Flateyri um hríð þegar hún hélt í framhaldsnám í heilsuvernd til Noregs í eitt ár, og síðar í meistaranám í heilbrigðisstjórnun við háskólann í Leeds í Bretlandi. „Síðustu tvö árin okkar Einars reyndi ég svo aftur að vera fyrir sunnan, en þá var ég í meistaranámi í Háskóla Íslands. Annars hef ég verið hér fyrir vestan, og alltaf verið ánægð," segir Sigrún, sem segist sömuleiðis kunna vel að meta að hafa fengið að kynnast lífinu í dreifbýli.

„Mér þykir mjög vænt um að hafa kynnst lífinu í sjávarþorpi sem á allt undir því komið að lifa af því sem náttúran gefur, og tekur öllu því sem á dynur með rósemi og þrautseigju. Mér hefur heldur aldrei fundist ég einangruð. Ég hef líka þá skoðun, og þá reynslu af lífinu, að maður er ekki einmana ef maður getur verið einn með sjálfum sér. Ég verð að játa að ég hef heldur aldrei upplifað hvað það er að leiðast. Ég á afskaplega gott með að vera ein, en ég hef líka mikla ánægju af því að vera með öðrum og skapa eitthvað með öðrum," segir Sigrún. Eitt helsta hugðarefni hennar er enda leiklist, sem hún hefur sinnt af kappi í mörg ár.

Sjálfkjörinn formaður

Sigrún hefur í gegnum tíðina verið afar virk í leiklistarstarfi og félagslífi. Hún, ásamt öðrum, endurreisti til dæmis leikfélag Flateyrar á sínum tíma og lék sömuleiðis í myndinni Í faðmi hafsins, í leikstjórn Lýðs Árnasonar.

„Þessi leikur og leikgleði er í fjölskyldunni. Mér finnst afskaplega gaman að leika og vera með börnum, því miður er oft svo erfitt að leika með fullorðnu fólki, það er allt of alvarlegt," segir Sigrún og brosir. „Ég hef mjög mikla ánægju af gleðinni – að halda boð og gleðjast með fólki," bætir hún við.

Sigrún var farin að leika strax í barnaskóla og lærði leiklist sem valgrein í lýðháskólanum í Svíþjóð. „Það blundaði svolítið í mér að læra leiklist. Besta vinkona mín, Jónína Jónsdóttir, fór í leiklist, og frænka mín, sem mér þykir afskaplega vænt um, er mikil og góð leikkona, Guðrún Ásmundsdóttir. Það kitlaði mig svolítið, en hjúkrunin freistaði mín meira. Ég stökk samt á hvert tækifæri sem gafst þegar það vantaði leikkonu, á skemmtunum í skólanum og víðar," segir Sigrún.

Leiklistarstarf á Flateyri var lengi mjög blómlegt og leikfélagið öflugt, nokkuð sem Sigrún komst að nokkrum árum eftir að hún fluttist vestur.

„Hér var merkur leikari og bakari sem hafði fallið frá fyrir aldur fram og hann var driffjöðurin í leikhústarfseminni. Það hafði þau áhrif að fólk átti svolítið erfitt með að byrja aftur, enda er það gríðarlegt starf að koma á fót áhugamannaleikfélagi. Við tókum okkur sem sagt nokkur saman og endurreistum leikfélagið árið 1979. Þá átti það eina krónu. Það gekk svo mjög vel, við fengum marga góða leikstjóra og settum upp fjölda verka. Og mér fannst ég auðvitað alveg kjörin í að vera formaður leikfélagsins," segir Sigrún og hlær við.

Samkenndin heillar

Sýningar leikfélagsins urðu fastur liður í tilverunni á Flateyri. „Við vorum nokkrar duglegar konur hérna í samfélaginu, ég, Magnea Guðmundsdóttir, Guðlaug Auðunsdóttir og fleiri. Það var þekkt að ef við sáumst á göngu þrjár saman, þá vorum við á karlaveiðum. Það er nefnilega svo erfitt að hafa svona starfsemi í sjávarþorpi – það er svo erfitt að fá karlmenn!" segir Sigrún, sem segir leiklistina enn heilla.

„Þetta eru einhverjar ánægjulegustu stundir lífs míns hérna á Flateyri. Þetta er það sem heillar mig svo við leiklistina, og svo sem alla listsköpun, þegar fólk býr til eitthvað saman. Stór hópur fólks kemur saman og með aðstoð leikstjóra skapar það fallegt

leikrit á nokkrum vikum. Það er svo mikil ánægja og mikil gleði að sjá þetta verk verða til, það er eitthvað það fallegasta sem ég sé. Það er hins vegar líka þrek og tár. Áhugamannahópur skapar ekki gott leikrit án þess að það séu tár!“ segir Sigrún, sem hugar nú að annarri endurreisn leikfélagsins.

„Ég ber ábyrgð á því að það hefur ekki verið sett upp leikrit á Flateyri í nokkur ár, og nú ætla ég að setja mér nýtt markmið, sem maður verður nú alltaf að hafa. Flateyringum finnst kannski betra að ég hafi engin markmið, því þegar ég set mér þau er enginn friður. En ég get sagt það hér og nú að ég hef sett mér það markmið að árið 2011 verður byrjað aftur, og í það skipti með meira en eina krónu í kassanum,“ segir hún.

Sigrún Gerða ásamt barnabarni sínu Einari Arnalds Kristjánssyni fyrir framan Sólbakka.

Lífið er ekki alltaf leikur

Síðustu ár hafa reynst Sigrúnu og fjölskyldu hennar að mörgu leyti erfið. Einar Oddur lést skyndilega og langt fyrir aldur fram sumarið 2007.

„Nokkrum misserum áður en Einar féll frá missti ég systurson minn, Gísla Rúnar, sem var mér náinn og mjög kær. Og eftir að ég missti Einar þá fór heilsan hreinlega niður í núll. Eða núll komma núll. Þetta var svolítið undarlegt því heilsunni hrakaði jafnt og þétt án þess að ég væri meðvituð um það. Það var ekki fyrr en ástandið var orðið nokkuð slæmt að ég tók eftir því. Ég var í eitt og hálft ár að ná mér upp aftur,“ segir Sigrún. „Það var dálítið strembið. Að berjast fyrir heilsunni er mikil átakavinna, og maður gerir ekkert annað á meðan,“ bætir hún við.

Sigrún þakkar það sterkum fjölskylduböndum að hún og hennar nánustu hafi náð að vinna úr sorginni. „Við höfum getað haldið lífinu áfram, fjölskyldan, vegna þess að við höfum getað stutt hvort annað – fölskvalaust og á mjög fallegan hátt. Við berum hins vegar öll sorg í hjarta, en það er enginn verri maður þó hann hafi verið sorgmæddur. Ég hef reynt að gera sorgina að vinkonu, eins og föðuramma mín kenndi mér við lát föður míns,” segir Sigrún, sem kveðst einnig hafa skynjað mátt bænarinnar.

„Ég tala um Einar í dag og það sem við gerðum saman, það sem við áttum saman og eigum saman. Þetta var mjög mikill missir fyrir fjölskylduna, en í raun misstum við öll góðan dreng þegar Einar Oddur hvarf á braut,“ segir hún.

Nýtur sín í félagsstarfi

Þó að Einar Oddur hafi fetað pólitísku framabrautina er Sigrún sjálf þó ekki síður pólitísk. Hún valdi sér hins vegar annan starfsvettvang. „Ég valdi félagsstarfið, að vera þáttakandi í umhverfi mínu og lífinu og taka þátt í að skapa það umhverfi sem mig langaði að væri til,“ útskýrir Sigrún.

„Flokkspólitíkin er of þröng og heft fyrir mig, fyrir mínar aðferðir til að taka þátt í samfélaginu. Og hún var í rauninni líka of þröng fyrir hann. Ég held að það viti það allir sem kynntust honum að hann hafði persónulegan sjarma sem náði langt út fyrir hana,“ segir Sigrún.

Hún hefur sterkar skoðanir á ýmsum málum og segir það sorglegt hversu dreifð byggð virðist vanvirt af íslenskri þjóð. „Mér finnst það hálfgerð sorgarsaga. Á Flateyri og í öllum dreifðum byggðum landsins á alveg óhemjumikil sköpun sér stað. En þetta veit eiginlega enginn nema þeir sem búa á stöðunum, hvað það er margt að gerast. Það ríkir algjört skilningsleysi. Ég vil ekki einu sinni hafa eftir þau orð sem eru stundum höfð um dreifðar byggðir, mér finnst þau hreinlega ljót,“ segir Sigrún.

Áhyggjur af heilbrigðismálum

Sigrún starfaði sem áður segir sem hjúkrunarfræðingur á Flateyri í mörg ár, en hefur síðustu tíu ár starfað í Bolungarvík, þar sem hún hefur meðal annars komið því í gegn að Bolungarvík er nú svokallaður heilsubær. Hugmyndafræðin á bak við heilsubæina, sem eru nokkur hundruð á heimsvísu, höfðar sterkt til Sigrúnar.

„Heilsuefling er hugtak þar sem skiptir máli að allir leggist á eitt. Þetta snýst ekki bara um hreyfingu, að borða hollari mat eða fara í megrun, heldur hugmyndafræði sem hefur hægt og bítandi áhrif á heil samfélög,“ segir Sigrún. „Það skiptir mjög miklu máli að fólk beri ábyrgð á eigin heilsu.“

Í ljósi menntunar hennar og víðtækrar reynslu af heilbrigðismálum og hjúkrun, er ekki heldur skrýtið að Sigrúnu séu heilbrigðismálin hugleikin, og þar með fyrirhugaður niðurskurður í heilbrigðisþjónustu á landinu og sérstaklega landsbyggðinni. „Ég er mjög metnaðarfull gagnvart framtíð hjúkrunar og áhyggjufull yfir framtíð heilbrigðisþjónustu á landinu. Ég tel að þar sé verið að gera mistök,“ segir Sigrún.

„Í meistaranámi mínu í Bretlandi var meðal annars fjallað um heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisástand heimsins í víðu samhengi, framtíðarsýn heilbrigðismála og annað. Þar sá maður líka og lærði að það er svo margt sem skiptir máli. Maður lærði að greina sóun, hagkvæmni og hvernig á að hámarka nýtingu takmarkaðs fjármagns innan heilbrigðisþjónustunnar. Þar var líka lögð áhersla á það að grunnþjónustan, eins og heilsugæslan, forvarnir og heimahjúkrun væri skipulögð sem næst þeim sem eiga að nýta þjónustuna,“ útskýrir Sigrún.

Samvinna lykilatriði

Hún segir það hafa verið mistök að fylgja ekki betur eftir þeirri stefnumörkun sem fyrst var lögð fram árið 1987 og hefur verið endurnýjuð reglulega. Prentað eintak hennar liggur frammi á stofuborðinu, enda kallar Sigrún heilbrigðisáætlunina til ársins 2010 „biblíuna sína.“

„Það verður að vera stefnumörkun í heilbrigðismálum eins og öðrum. Það má alveg segja að það mátti fara betur með fé á ýmsum sviðum og það hafi myndast of mikil fita í heilbrigðisgeiranum, eins og gerist víða í góðæri. Hér hefur verið mótuð stefna, en henni hefur ekki verið fylgt eftir. Þjóðin þekkir hana ekki – og ekki pólitíkusar eða heilbrigðisstarfsmenn. Ef unnið er eftir stefnu nýtast peningarnir betur,“ segir Sigrún, sem er sömuleiðis ósátt við framgöngu stjórnvalda í fyrirhuguðum niðurskurðaraðgerðum.

„Yfirvöld verða að átta sig á því að ástandið í þjóðfélaginu í dag mun auka þörfina á heilbrigðisþjónustu á ýmsum sviðum, því er það mjög áhættusamt að skerða of mikið og of hratt framlög ríkisins til þjónustunnar. Kostnaðurinn vegna aukinnar þjónustu mun falla á neytendur sem fyrir eiga í fjárhagslegum vandræðum. Þetta getur orðið vítahringur,“ segir Sigrún.

„Það er hægt að gera hlutina á annan hátt. Framkvæmdin hefur ekki verið til sóma heldur skapað kvíða og grafið undan trausti á heilbrigðisþjónustunni. Það er nefnilega þannig að léleg þjónusta skaðar, sérstaklega ef hún er veitt á röngum stað.

Það er alveg hægt að minnka fjármagn í heilbrigðisþjónustunni, en það má ekki gerast í offorsi. Það þarf að vera í samvinnu við íbúa svæðanna og fólkið sem vinnur innan þjónustunnar. Það hefur nefnilega myndast trúnaðarbrestur á milli heilbrigðisstarfsfólks og stjórnvalda. Það er hægt að skoða þessi mál á mun betri og markvissari hátt en verið er að gera núna. Mér finnst til dæmis áhugavert að skoða hvort ekki sé hægt að samhæfa betur þjónustu og stofnanir innan sveitarstjórnarstigsins. Þetta er hægt að gera með þjónustu við fatlaða og aldraða í samvinnu við heimahjúkrun, heilsugæslu og hjúkrunarheimili,“ segir Sigrún.

Veisluár gengur í garð

Í vor eru sem áður segir 40 ár frá því að Sigrún fluttist til Flateyrar. Í dag eru tvö barna þeirra Einars, bræðurnir Kristján Torfi og Teitur Björn, sömuleiðis búsettir á Flateyri, en Teitur er forstjóri Eyrarodda ehf. Dóttir þeirra, Brynhildur, er hins vegar búsett í Reykjavík.

„Um leið og ég giftist var ég meðvituð um það að ég vildi skapa mér fjölskyldu. Við Einar höfðum ekkert á móti því að eignast stóra fjölskyldu. Maður stýrir því nú víst ekki alveg sjálfur, en við höfum verið afskaplega gæfusöm með að eignast heilbrigð og falleg börn. Og enn fremur gæfusöm að eignast tvö barnabörn,“ segir Sigrún.

„Ég sá það líka fljótt að það væri enginn staður heppilegri til að ala upp börn en í dreifbýli, á stað eins og Flateyri. Börnin mín, eftir að þau hafa orðið fullorðin, hafa líka hugsað afskaplega hlýtt til Flateyrar og ætlu sinnar hér. Ég er svo heppin að hafa báða drengina mína hérna núna, þó ég viti ekki hversu lengi það verður. Svo er ég ennþá heppnari með það að barnabörnin mín tvö búa hér með foreldrum sínum, Kristjáni Torfa og Dagnýju, og það er alveg einstök gæfa og ekki sjálfgefið. Þau fá líka að alast upp á svona skemmtilegum stað. Einar, sem er að verða sex ára, nýtur sín mjög vel á Flateyri og er orðinn ráðsmaður hérna á Sólbakka,“ segir Sigrún brosandi.

Í anda leikgleðinnar sem einkennir hana hyggst hún svo að sjálfsögðu fagna fjörutíu ára búsetuafmæli sínu á Sólbakka. „Ætli ég haldi ekki veislu. Kannski bara allt árið 2011,“ segir hún og brosir.

– Sunna Dís Másdóttir.

Heimsfræg bresk leikkona styður Nauteyrarverkefnið

Breski grínistinn Dawn French hefur lýst yfir stuðningi við Nauteyrarverkefnið eða The Nauteyri Project. Í bréfi sem hún hefur sent aðstandendum verkefnisins segist hún hafa orðið mjög áhugasöm þegar hún las um Nauteyrarverkefnið og sendir hún bestu kveðjur og óskir um velgengni. Hún segir að leið hennar til að leggja hönd á plóg til að greiða leið verkefnisins sé að vekja athygli á því. Dawn French er einn af þekktustu kven gamanleikurum Bretlands. Hún er best þekkt fyrir þáttinn French og Saunders sem hún leikur í og skrifar með félaga sínum Jennifer Saunders. Einnig hefur hún fest sig í sessi sem gamanleikkona í hlutverki Geraldine Granger í gamanþættinum The Vicar of Dibley.

Einnig kannast aðdáendur Harry Potter við hana sem feitu konuna á málverki í Harry Potter og fanginn úr Azkaban auk þess sem hún ljáði Frú Bjór rödd sína í myndinni um ævintýrin í Narníu sem byggt er á bókum eftir C.S. Lewis. Þá hefur hún hlotið hin eftirsóttu BAFTA verðlaun.

Á vef Nauteyrarverkefnisins er stuðningi Dawn French fagnað. „Við höfum alltaf viljað gæða verkefnið lífi með þátttöku hundruð ólíkra persóna og samtaka – en ekki eingöngu með erfiðisvinnu örfárra. Það er með stuðningi Dawn French, BBC fréttakonunnar Sally Magnusson og margra fleiri sem koma að verkefninu sem mun láta Nauteyrarverkefnið ná þeim árangri sem allir vilja að það geri.“

Sjálfseignarstofnunin The Nauteyri Project var stofnuð fyrr á árinu með það að markmiði að kaupa jörðina Nauteyri. Þar er síðan ætlunin að koma á laggirnar friðlandi og náttúruverndarsvæði, auk þess sem þar verði starfrækt vistvæn og sjálfbær ferðaþjónusta. Einnig er markmiðið að fræðimenn og rannsakendur sem einbeita sér að náttúruvernd og sjálfbærni, eigi þar athvarf og öruggt skjól.

Dawn French í einu af hlutverkum sínum. Ljósm: BBC.

Á vef verkefnisins kemur fram að markmiðið sé að vernda landið, strandir þess og þær byggðir sem þar eru, fyrir komandi kynslóðir. „Vestfirðir kljást við stöðuga fólksfækkun og með því að bjóða upp á áhugaverða afþreyingu fyrir heimamenn samhliða því að efla ferðaþjónustu á svæðinu mun sporna við þeirri þróun. Jafnframt mun Nauteyrarverkefnið,“ segir á vef verkefnisins. „Stór hluti verkefnisins felst í því að hvetja bæði heimafólk og ferðamenn hvaðanæva úr heiminum til þess að lifa á náttúruvænni hátt og halda því áfram eftir að þeir hafa snúið heim frá Nauteyri.“ *– thelma@bb.is*

Vestfirska skatan fer víða

„Margir stóla á að fá vestfirska skötu um jólin og Lionsmenn standa skötuvaktina," segir Kári Þór Jóhannsson, formaður Lionsklúbbs Ísafjarðar, en undanfarnar vikur hefur hann ásamt félögum sínum í hreyfingunni verkað skötu í tonnavís. „Þetta er óhemju vinna í um það bil þrjá mánuði og á þeim tíma komum við saman aðra hvora helgi í það minnsta. Magnið hleypur á nokkrum tonnum en við pössum okkur á að eiga nóg til fyrir alla. Í gegnum ár hefur nefnilega byggst upp töluvert stór fastakúnna hópur sem treystir á að fá sína skötu tímanlega. Skatan fer þannig út um allt land og líka erlendis og þá sérstaklega til Norðurlandanna," segir Kári og bætir við að heimamenn geti að sjálfsögðu nálgast skötuna. „Hún verður afgreidd á hinum hefðbundna stað hjá okkur Svenna og ef við erum ekki báðir á vaktinni, er allavega annar hvor okkar á staðnum," segir Kári.

Óbreytt útsvarsprósenta

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að útsvarshlutfall sveitarfélagsins fyrir árið 2011 verði óbreytt, eða 13,28%. Það sé þó með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi, um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20 prósentustig, sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011. Bæjarráð tók fyrir bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem sveitarstjórnir eru minntar á að samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga ber þeim að ákveða fyrir 1. desember hvert álagningarhlutfall útsvars skal lagt á tekjur manna á næsta ári. Ákvörðun þessa skal jafnframt tilkynna fjármálaráðuneytinu fyrir 15. desember.

Málar frá hjartanu

Ísfirðingurinn Kristín Guðmundsdóttir, sem búsett er í Reykjavík, opnaði myndlistarsýningu í Hamraborg á Ísafirði á laugardag. Hún hefur að eigin sögn brennandi áhuga á myndlist og byrjaði að mála fyrir tæpum tveimur árum. „Ég hef ekki enn setið nein námskeið heldur mála ég bara frá hjartanu og nota mína uppáhaldsliti, sem einkenna myndirnar mínar," segir Kristín, „Aðalþemað mitt á þessari sýningu eru Vestfirðir og yndislegi aðventuliturinn og einn af mínum uppáhalds litum fjólublár." Meðal viðfangsefna á sýningunni er Þursaskál í Dýrafirði, Traðarhyrna, Naustahvilft og Kubbinn. Allir eru velkomnir á opnun sýningarinnar. Sýningin stendur fram að Þorláksmessu.

Sameinað áhaldahúsinu

Daglegur rekstur skíðasvæða Ísafjarðarbæjar verður settur undir hatt áhaldahúss bæjarins frá og með áramótum. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri svæðisins færist samhliða til umsjónarmanns eigna sveitarfélagsins og staða forstöðumanns skíðasvæðisins verður lögð niður. Ákvörðun þessa efnis var tekin á síðasta fundi bæjarstjórnar. Þar kom einnig fram að forstöðumanni skíðasvæðisins yrði boðið starf við þjónustumiðstöð bæjarins (áhaldahúsið). Með ofangreindri ráðstöfun vonast bæjaryfirvöld til að spara nokkrar milljónir króna.

Tvær bækur frá Eyvindi

Rithöfundurinn Eyvindur P. Eiríksson sendir frá sér tvær bækur fyrir jólin. Um er að ræða barnabókina Lillilalli og vatnið góða og ljóðabókina Varstu? Barnabókin fjallar um Lillalalla sem elst upp í sjávarþorpi og ævintýri og pælingar hans. Eyvindur segir fyrirmyndina vera vestfirsk sjávarþorp og þá einkum Suðureyri. Hann er sjálfur fæddur í Hnífsdal og ólst þar upp ásamt Hornströndum, Ísafirði og Arnardal. Frá Eyvindi hafa komið út yfir þrjátíu skáldverk, þar á meðal fjórar barna- og unglingabækur. Gro Tove Sandmakr myndskreytti Lillilalla og Vatnið góða en Vestfirska forlagið gefur bókina út.

92% erlendra ferðamanna mæla með Vestfjörðum.

Mæla með Vestfjörðum

Allir íslensku ferðamennirnir sem komu til Vestfjarða á árunum 2008-2010 og tóku þátt í ferðakönnun Atvest, höfðu áhuga á að koma aftur. Af erlendu ferðamönnunum sögðust 88% hafa áhuga á að koma aftur til Vestfjarða, 92% ferðamannanna ætluðu að mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað og rúm 82% Íslendinga ætluðu að gera slíkt hið sama. 10% erlendu ferðamannanna höfðu ekki áhuga á að koma aftur og 2% svöruðu kannski.

Enginn, hvorki innlendur né erlendur, sagðist ekki ætla að mæla með Vestfjörðum sem ferðamannastað. Ferðamennirnir voru spurðir hvort að upplifun þeirra af Vestfjörðum hefði verið í samræmi við þær upplýsingar sem þeir fengu um svæðið. Flestir voru mjög eða nokkuð sammála um að svo hefði verið. Af erlendu ferðamönnunum voru 87% sammála og 97% íslensku ferðamannanna.



Verður Aldrei fór ég suður slegið af?

Hugsanlegt er að ísfirska tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður hafi sungið sitt síðasta og verði ekki haldin um næstu páska. Ástæðan er þreyta sem er kominn í mannskapinn sem hefur staðið að undirbúningnum undanfarin ár. „Það er komin mjög mikil þreyta í stóran hóp. Menn eru búnir að vinna í átta ár ókeypis," segir tónlistarmaðurinn Mugison, einn af skipuleggjendunum sem eru um sjö talsins, í samtali við Fréttablaðið.

„Marga langar að eiga stund með fjölskyldunni og vinum í fyrsta sinn bráðum í áratug en ég er samt í stuði. Ég er ekki í þessu 9-17 dæmi. Það virkar öðruvísi hjá mér dagatalið og ég er ekki alveg inni í þessari jöfnu," bætir hann við. „Það er ekki búið að blása hátíðina alveg af en ég hugsa að það verði einhverjar breytingar. Svo getur vel verið að hún verði blásin af því þetta er bara áhugamál hjá okkur."

Að sögn Mugison er ein hugmyndin að fara í meira samstarf við tónlistarmennina sem koma fram á hátíðinni og fá þá til að ráða meiru um dagskrána. Einnig vonast hann til að Ísafjarðarbær komi meira inn í verkefnið. „Ég á alveg eftir að tala við Ísafjarðarbæ, reyna að hóa í fund og sjá hvort það eru ekki til hressar konur og karlar sem eru til í að koma með okkur í staðinn fyrir þá sem þurfa frí."

Í nýlegri meistararitgerð Heru Bráar Guðmundsdóttur kemur fram að áhrif Aldrei fór ég suður á nærsamfélagið og á ímynd Ísafjarðar í alþjóðlegum skilningi eru mjög jákvæð. „Skýrslan segir að bæjarfjöldinn tvöfaldist eða þrefaldist. Það er góður slatti sem kemur en það fer mikill tími í þetta," segir Mugison við Fréttablaðið.

Vilja ekki að hátíðin leggist af

„Við munum koma að þessu með öllum þeim hætti sem við getum, það er engin spurning," segir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, aðspurður hvort vilji sé hjá bæjaryfirvöldum að koma að hátíðarhaldi Aldrei fór ég suður á Ísafirði. „Þetta er mikilvægur viðburður í sveitarfélaginu og við viljum alls ekki hátíðin leggist af. Það er einmitt í stefnuskrá meirihlutaflokkanna að koma meira að viðburðum sem þessum með einhverju móti. Ég held nú líka að það séu fáir Ísfirðingar sem vilji Aldrei fór ég suður verði ekki aftur," segir Daníel.

Hann segir þó engar ákvarðanir hafa verið teknar um þaðhvernig bærinn geti komið að há-tíðarhaldinu enda hafi engin ákvörðun verið tekin um það að hátíðin verði blásin af svo hann viti til. „Það er alveg klárt að há-tíðin er mikilvæg. Hún markar t.d. upphafið að ferðamannatímabilinu, en unnið hefur verið að því undanfarin ár að lengja tímabilið í báðar áttir."

Daníel segist persónulega vona að ekki sé fyrir alvöru verið að íhuga að hátíðin muni leggjast af.

– thelma@bb.is

Snjóflóðavarnir útboð án tafar

Snjóflóðavarnagarðarnir við Kubba í Skutulsfirði fara án tafar í útboð. Auk framkvæmda við Kubba verður einnig ráðist í varnagarða á Neskaupsstað. Ákveðið var að veita 350 milljónum króna úr Ofanflóðasjóði sem sérstaklega eru eyrnamerktir framkvæmdunum. Svandís Svavarsdóttir segir í samtali við Fréttablaðið að sameiginlegt minnisblað hennar og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra þessa efnis hafi verið samþykkt, enda sé um afar mikilvæg verkefni að ræða. „Þetta er fyrst og fremst mikilvægt út frá öryggissjónarmiðum, byggðarsjónarmiðum og sem atvinnuverkefni á þessum tveimur stöðum," segir Svandís.

Upphaflega var áætlað að hefja framkvæmdir við Kubba árið 2009 en þeim hefur tvívegis verið frestað, fyrst vegna þenslu í öðrum landshlutum og svo aftur vegna niðurskurðar á fjárlögum. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skoraði á ríkisstjórnina fyrr í mánuðinum að bjóða verkið út nú þegar. Vísaði bæjarstjórnin m.a. til þess að staða Ofanflóðasjóðs væri góð og nægt fé væri til framkvæmdanna.

Eignir sjóðsins eru um sjö milljarðar króna, en í fjárlagafrumvarpi næsta árs var gert ráð fyrir að 450 milljónum yrði varið úr Ofanflóðasjóði og því verða 800 milljónir til skiptanna fyrir næsta ár. Á hverju ári gefa tekjustofnar sjóðsins um 1,3 milljarða króna og skv. minnisblaði frá umhverfisráðuneytinu má reikna með að vaxtatekjur sjóðsins séu á milli 800 og 900 milljónir á ári.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar telur Ísafjörð henta vel sem staðsetningu fyrir upplýsingaveitu um ESB.

Segir upplýsingaveitu um ESB vel geta verið á Ísafirði

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hefur sent á forseta Alþingis, Ástu R. Jóhannesdóttur, erindi þar sem hann bendir á að staðsetning upplýsingaveita Alþingis, um Evrópusambandið geti verið hvar sem er á landinu og bendir á Ísafjarðarbæ í því sambandi. „Á Ísafirði hefur á undanförnum árum byggst upp háskóla- og þekkingarsamfélag, sem myndi nýtast vel við upplýsingaöflun og samhæfingu upplýsinga. Bið ég því um að Ísafjarðarbær verði hafður í huga þegar kemur að vali á staðsetningu þessarar stofnunar,“ segir í bréfi bæjarstjóra.

Sérstakur starfshópur sem utanríkismálanefnd ákvað að setja á laggirnar til að fjalla um upplýsingamiðlunarmálið lagði til að stofnuð yrði sérstök upplýsingaveitu þar sem markmiðið á að vera hlutlæg og fagleg upplýsingagjöf byggð á staðreyndum um löggjöf, stefnu og áætlanir Evrópusambandsins, um stofnanir þess, um aðildarríki þess og afstöðu þeirra til einstakra málaflokka og að þarna verði veitt skilvirk og ókeypis þjónusta við kjósendur um allt land.

„Með vísan til umræðna um stofnun upplýsingaveitu Alþingis, um Evrópusambandið og nefndarálits meirihluta utanríkismálanefndar um sama mál (nr. 38) vill undirritaður benda á að hér er að mínu mati að ræða verkefni á vegum hins opinbera, sem krefst ekki landfræðilegrar nálægðar við aðrar höfuðstofnanir Alþingis,“ segir í bréfi bæjarstjóra. „Á síðustu árum og áratugum hefur mikið verið rætt og ritað um flutning opinberra starfa til landsbyggðarinnar, en ofangreint verkefni er dæmi um stofnun, sem ekki krefst staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirsjáanlegt er að beiðnir um upplýsingar verða nær allar rafrænar og staðsetning upplýsingaveitunnar því aukaatriði.“ – *thelma@bb.is*

Gott í skóinn

Stakkur skrifar

Ríkisstjórnin er í jólaskapi og gefur lýðnum í skóinn. Stærsta og eftirminnilegasta gjöfin átti að vera Stjórnlagaþing. Tókst að kjósa til þess, en árangurinn varð ekki sá sem til stóð. Gjöfin minnti meira á það þegar óþekku börnin fá kartöflu í skó sinn en ekki eitthvað fínt, glansandi eða gott á bragðið. Fyrir tveimur vikum voru settar fram hér mjög bjartsýnar og glæstar spár um mikla þátttöku í kosningum, að 60% kjósenda myndu skila sér á kjörstað, sem er reyndar mjög lítið sé litið til sögunnar. Nýir pappakjörkassar drógu ekki 135.558 kjósendur á kjörstað. Þeir urðu hvorki fleiri né færri en 83.531 sem greiddu atkvæði í kosningum, 35,95% þátttaka. Um 1100 atkvæði voru ógild, sem er kannski það eina jákvæða. Hér hafði því verið spáð að atkvæðadreifing kynni að liggja á bilinu frá 407 atkvæðum allt að 20.334. Staðreyndin varð 347 til 7.192. Þetta eru svo lágar tölur, að hreinasta ókurteisi er að reikna út prósentuhluföll, svo lítil sem þau verða af greiddum gildum atkvæðum, að ógleymdu hlutfalli kjósenda. Þetta var vond niðurstaða. Jólagjöfin er því misheppnuð, en kostar samt 700 milljónir króna. Einhver kynni því að segja að við lifum í þjóðfélagi allsnægta, sem hefur efni á þvílíku ævintýri, þó aðeins heilli rúmlega þriðjung kjósenda.

Næsta gjöf í skóinn átti að verða frá lífeyrisjóðunum, en góðu heilli mundu þeir eftir mikilvægri staðreynd, sem öllum ber að hafa í huga sem höndla með fé annarra, að fara vel með og gleyma ekki hagsmunum umbjóðenda sinna. Lífeyrissjóðirnir neituðu að taka þátt í því að láta fé lífeyrisþega nútíðar og framtíðar í björgunarpott ríkisstjórnar. Þeir sætta sig við að skrifa upp á samkomulag og afskrifa tapaðar skuldir. Það er glatað fé sem nemur 15% af eign þeirra eins og nú horfir. Ríkisstjórnin hefur látið mjög með þær aðgerðir sem bæta ættu stöðu illa settra heimila. En hefur enginn sérfræðingurinn reiknað út hverju sé í raun hægt að bjarga? Þeirri hastarlegu spurningu er varpað hér fram, hverju sá hafi tapað sem fékk 100% lán til húsnæðiskaupa, 100% lán til að kaupa bíl og svo auka frá banka eða sparisjóði til að skjótast í utanlandsferð. Auðvitað hefur hann eða hún engu tapað og þá er spurt. Þurfti að breyta lögum til þess að sú staðreynd yrði ljós? Nei, þess þurfti ekki.

Bankarnir fengu ríkulega meðgjöf frá skattgreiðendum þegar þeir skiptu um nöfn en ekki stjórnendur og ríkið lagði þeim til ótalda milljarða til viðbótar því að tekið var við eignasöfnum gömlu spilltu bankanna með helmingsafslætti ef ekki meira. Eðlilegt var að þeir gæfu meira eftir enda sitja flestir þeirra sem bera ábyrgð á því að lokka saklaust fólk til lántöku enn inni í musterum bankanna. Betri jólagjöf hefði verið að sjá þá setta út en að fá inn 22 jólasveina úr 101 Reykjavík og nágrenni á Stjórnlagaþing sem kostar 700 milljónir króna til þess að minna okkur landsbyggðarfólk á hvað okkar bíður verði Ísland eitt kjördæmi. Sumar jólagjafir viljum við ekki.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

smáar

Svefnsófi í góðu ástandi fæst gefins eða fyrir lítinn pening. Gott rými undir fyrir sæng og kodda. Uppl. í síma 456 3589.

Ódýr gisting í Reykjavík. Uppl. í síma 692 1404.

Vil kaupa 1-6 ára gamalt sjónvarp. Hringið í síma 456 4120 virka daga og í 456 3975 kvöld og helgar.

Óska eftir að kaupa notaðar Frumbyggjabækurnar eftir Elmer Horn. Uppl. í síma 824 0054.

Til sölu er ameríkst rúm, 2x1,5 metrar. Uppl. gefur Jóhanna í síma 456 4739 eða 848 0915.

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Leiguverð er kr. 45 þús. pr. mán. Uppl. í síma 846 7490.

Nú eru aðeins tvö tölublöð eftir til jóla! Ertu búin(n) að tryggja þér auglýsingapláss?

Áform ríkisstjórnarinnar hækka húshitunarkostnað á Vestfjörðum um 4,25%

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar andmælir harðlega áformum ríkisstjórnarinnar, að fella niður endurgreiðslur virðisaukaskatts á húshitunarkostnaði eins og stefnt er að í framlögðu frumvarpi.

„Fari þessi breyting eftir mun hún ein og sér leiða til hækkunar á húshitunarkostnaði um 4,25% á Vestfjörðum. Þá mótmælir bæjarráð Ísafjarðarbæjar harðlega áformum stjórnvalda, sem fram koma í fjárlagafrumvarpi ársins 2011, um lækkun á niðurgreiðslum húshitunar á rafkynntum svæðum. Samanlagt munu þessi áform ríkisstjórnarinnar leiða til óbærilegrar hækkunar á húshitunarkostnaði á svokölluðum „köldum svæðum á landsbyggðinni“, umfram þær hækkanir sem orkuveiturnar hafa þegar ákveðið,“ segir í ályktun sem samþykkt var á síðasta bæjarráðsfundi.

Þar segir jafnframt: „Það getur ekki með nokkru móti talist vera eðlilegt að stjórnvöld, sem kenna sig við jafnrétti og velferð, beiti sér fyrir auknu misrétti þegna sinna á þessu sviði, en nú þegar er húshitunarkostnaður í þéttbýli á landsbyggðinni og dreifbýli frá tvö- til þrefaldur á við það sem hann er á hitaveitukynntum landsvæðum. Því skorar bæjarráð Ísafjarðarbæjar á stjórnvöld, að snúa af þessari braut aukinnar mismununar þegna sinna.“

– thelma@bb.is

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar skorar á stjórnvöld, að snúa af braut aukinnar mismununar.

Langhæsta sorpgjaldið í Ísafjarðarbæ

Íbúar Ísafjarðarbæjar greiða umtalsvert hærra sorpgjald en íbúar annarra sveitarfélaga. Sorpgjaldið í Ísafjarðarbæ skiptist annars vegar í sorphreinsunargjald og hins vegar í sorpeyðingargjald en samtals nemur gjaldtakan 41.580 krónur á hverja íbúð. Þetta töluvert hærra en gengur og gerist í öðrum sveitarfélögum. Samkvæmt upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga 2010 er sorpgjald í sveitarfélögum með fleiri en þúsund íbúa að meðaltali 24.162 krónur. Þetta þýðir að sorpgjaldið í Ísafjarðarbæ er 72% hærra en meðaltalið yfir landið. Næst hæst er gjaldtakan í Norðurþingi þar sem hún er 33.780 krónur sem engu að síður er meir en fimmtungi lægra en gjaldið í Ísafjarðarbæ.

Lægst er gjaldið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem það er 13.463 krónur eða þrefalt lægra en í Ísafjarðarbæ. Stærð sveitarfélaga virðist ekki hafa áhrif á gjaldtökuna, en íbúar sveitarfélaga með færri íbúa en þúsund greiða að meðaltali 22.900 krónur í sorphirðugjöld sem er nokkuð lægra en meðaltal stærri sveitarfélaga. Á Vestfjörðum er gjaldið næst hæst í Bolungarvík eða 33 þúsund krónur. Í Súðavík er gjaldtakan 24.336 krónur og í Reykhólahreppi er hún 24.200 krónur, en lægt er hún í Strandabyggð, 14.800 krónur.

Áskriftarsíminn er 456 4560

Glitskýið var áhrifamikil sýn. Myndir: Þórður Sigurðarson.

Glitský yfir Súðavík

Magnað glitský myndaðist yfir Súðavík í síðustu viku. Eins og sjá má meðfylgjandi mynd virtist skýið fremur eiga heima í ævintýraheimi en hjá móður jörð. Glitský eru ákaflega fögur ský sem myndast í heiðhvolfinu og eru úr ískristöllum. Þau sjást helst um miðjan vetur, um sólarlag eða sólaruppkomu. Litadýrð þeirra er mjög greinileg því þau eru böðuð sólskini, þótt rökkvað sé eða jafnvel aldimmt við jörð. Það var ekki laust við að skýið, sem birtist á sjálfum fullveldisdeginum, hafi ljáð Álftafirðinum hátíðarblæ.

Á vef Veðurstofunnar segir um glitský: „Kristallarnir í skýjunum beygja sólarljósið, en mismikið eftir bylgjulengd þess. Þannig beygir blátt ljós meira en rautt. Rauða ljósið kemur því til okkar undir öðru horni en það bláa, þannig að við sjáum það koma frá öðrum hluta glitskýsins. Litaröðin frá jaðri inn til miðju skýsins er stundum eins og vísuorðin: gulur, rauður, grænn og blár en oft er skýið einnig hvítt í miðju. Litirnir eru líka háðir stærðardreifingu agna í skýjunum, þannig að oft má sjá rauða, gula og græna flekki í bland.“

Skýið virðist nánast eiga fremur heima í ímynduðum ævintýraheimi.

Krossgáta Cafe Catalina og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Umboðsaðili

AVIS bílaleiga leitar eftir umboðsaðila á Ísafirði. Í starfinu felst að leigja út og taka á móti bílaleigubílum AVIS á Ísafirði ásamt þrifum.

Getur hentað vel með öðrum rekstri.

Áhugasömum er bent á að senda umsókn á atvinna@alp.is. Nánari upplýsingar veitir Snorri í síma 591 4032.

Sælkeri vikunnar er Eiríkur Finnur Greipsson á Flateyri

Ljúffengir fiskréttir og döðlukaka

„Það er þannig á mínu heimili nú hin síðari árin að ég fæ að leika mér í eldhúsinu með fiskinn og útigrillið á sumrin, en fæ þó líka stundum að leika mér með kjötið. Reyndar fæ ég yfirleitt Dómara í heimsókn með nokkuð áberandi hætti meðan ég stend í stússinu og það var mér ákaflega óljúft í byrjun. Nú er hins vegar svo komið að ég hef lært að það er mér fyrir bestu ekki síður en væntanlegum matargestum mínum að Hæstiréttardómarinn gefi fyrirskipanir og ábendingar þegar hún sér að eldamennskan stefnir í óefni!

Mig langar til að setja hér fram tvo ljúfa fiskrétti, forrétt og aðalrétt. En í lokin er svo uppskrift af uppáhalds jólakökunni minni, sem er frá henni Guðrúnu systur minni, en hún fékk hana hjá móður okkar fyrir margt löngu.“

Forréttur (f. 4)
Salfiskmús með gúrkusósu

300 g útvatnaður beinhreinsaður saltfiskur m. roði eða
350 g af saltsprautuðum beinlausum flökum m. roði
200 g kartöflur m. hýði
Safi úr ¼ sítrónu
1-3 hvítlauksrif (eftir smekk)
5-10 litlir sveppir (eftir smekk)
+ smá smjörklípa eða ólífuolía
Sítrónupipar
¼ knippi söxuð steinselja
½ rauð söxuð paprika
Meðlæti ristað brauð og salatblað

Salfiskurinn fer í pott og suðan látin koma upp, þá er fiskurinn tekinn af hellunni og látinn standa í vatninu í um 10 mín. Kartöflurnar eru soðnar. Sveppirnir eru saxaðir og steiktir létt í smjöri.

Saltfiskur m. roði, kartöflur m. hýði, hvítlaukur og sveppir maukaðir í matvinnsluvél og sítrónusafanum bætt í. Piprað eftir smekk. Saxaðri steinselju og papriku blandað útí og hrært saman með sleif.

Sósa: Sýrður rjómi, smátt söxuð agúrka, sítrónusafi og sítrónupipar – smakkað til eftir smekk. Þetta er síðan borið fram með ristuðu brauði. Ristað brauð, saltfiskmús ofaná og toppað með gúrkusósu! Skreyta má með salatblaði. Uhmm.... ljúffengt!

Svo er það aðalrétturinn, sem ég er ákaflega spenntur fyrir, en það verður þó að viðurkennast að það er ekki sérlega auðvelt að nálgast hráefnið. Sjómenn fá mjög mikið af því en koma ekki nema með lítinn hluta aflans í land! Þetta er nefnilega Tindabikkja. Allir sjómenn sem ég hef þó leitað til eru reiðubúnir að taka hana í land og gefa hana þeim sem vilja. Tindabikkjuna er algengast að setja í kæsingu og fá eftir þá meðferð hina geysivinsælu „Þorláksmessuskötu“ sem sífellt fleiri sækjast eftir.

Aðalréttur (f. 4)

6-8 roðhreinsuð lítil börð af ferskri Tindabikkju
Sjávarréttasmurostur
Hveiti
Stórt egg
Mjólk
Salt
Sítrónupipar
Knorr-kjúklingakrydd

Meðlæti: Nýjar (eða sem nýjastar) íslenskar kartöflur og grænmeti að smekk

Skorið er með beittum hníf öðru megin meðfram brjóskinu frá þykkari hluta barðsins og útbúinn vasi (ath. að hafa gatið sem minnst). Vasinn er síðan fylltur af smurostinum. Eggið hrært með mjólkinni og kjúklingakryddinu. Hveitið saltað og piprað að smekk. Barðinu er velt upp úr egginu og síðan hveitinu. Steikt á pönnu í ólífuolíu eða íslensku smjöri.

Sósa: Rjómasósa er það besta sem ég fæ með þessu, hún má vera hverrar þeirrar gerðar sem kokkurinn hefur á takteinum, en persónulega vil ég útbúa sósuna á sömu pönnunni og ég steiki börðin.

Að lokum er svo uppskrift að uppáhaldskökunni minni á jólunum, sem er döðlukaka. (Ég var búinn að borða hana í nokkur ár þegar mamma sagði mér frá döðlunum!)

Döðlukaka

250 g smjörlíki
1 bolli sykur
2 bollar hveiti
150 g smátt brytjaðar döðlur
150 g smátt brytjað súkkulaði (ekki spænir)
½ tsk. salt
1 tsk. matarsódi
1 tsk. vanilla
2 egg
¼ bolli edik
½ bolli mjólk

Hrært saman og bakað. Smjörkrem á milli og ef aukakílóin og kólesterólið eru í lagi þá Síríus suðusúkkulaði á toppinn! Hrikalega gott ... alveg hrikalega.

Ég skora á Daníel Jakobsson bæjarstjóra að verða næsti sælkeri Bæjarins besta. Trúi að hann lumi á góðgæti, þó það sé með aðstoð frúarinnar hennar Völu!

Jólarómantík og kærleikstónar

Sannkölluð aðventustemmning var á tónleikum Frostrósa í Ísafjarðarkirkju í síðustu viku. Þar komu fram Hera Björk, Regína Ósk, Friðrik Ómar, Ragnheiður Gröndal, Garðar Thór Cortes og Jóhann Friðgeir og sungu um kærleika, jólatómantík og hátíðina sem að höndum ber. Auk þess var með í för Hrynsveit Frostrósa, strengjakvartett og Stúlknakór Ísafjarðar sem fullkomnaði tónaflóðið. Ísfirsku stúlkurnar þóttu standa sig afar vel og misstu ekki einu sinni dampinn, frekar en fagmennirnir, þegar fylgifiskur flensunnar sótti hratt að tveimur þeirra svo þær þurfti frá að hverfa. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var mikið loftleysi á sviðinu og við þær aðstæður stóðu stúlkurnar sig afar vel.

Var það mat blaðamanns að ólíkir söngstílar söngstjarnanna, sem spannaði var allt frá flauelsmjúkri röddu Ragnheiðar til kraftsins í rómi Garðars Thórs, væri góð blanda sem naut sín sérstaklega vel í þeim góða hljómburði sem býr í kirkjunni. Var einnig skemmtilegt að sjá fugla altaristöflunnar gædda lífi í síbreytilegri og marglitaðri ljósasýningu sem jók á jólaandann sem söngvarnir mynduðu.

Fagnaðarlætin fylltu kirkjuna í lok tónleikanna svo tekið var aukalag og var þá tekið eitt þekktasta lag Frostrósa, Hugurinn fer hærra, og síðan var jólastemmningin fullkomnuð með Heims um ból. Frostrósir er heiti á tónleikaröð sem haldin hefur verið fyrir jólin frá árinu 2002. Er þetta í fjórða sinn sem tónleikarnir fara fram á Ísafirði en þeir hafa notið mikilla vinsælda um land allt. Í ár var metaðsókn en 26.000 sækja alls 31 tónleika sem haldnir verða í desember.

– thelma@bb.is

Kirkjan var fagurlega skreytt fyrir tónleikana.

Frá tónleikunum. Frá vinstri: Jóhann Friðgeir, Hera Björk, Regína Ósk, Friðrik Ómar, Ragnheiður Gröndal og Garðar Thór Cortes. Stúlknakór Ísafjarðar er í baksýn.

Eitthvað fyrir alla

Úrval af íslenskri tónlist!

Frá: **6.995,-**

Hnattlíkön með ljósi.
Margar stærðir og gerðir



Úrval af kvikmyndum og þáttum!

Jólabækur!

Gjafabækurnar fást hjá okkur. Íslenskir og erlendir titlar í úrvali.

Tölvuleikir - PS3 og PC

TOPModel vörurnar
Það vinsælasta í dag!

Frábært úrval, þægilegt andrúmsloft og við pökkum inn fyrir þig í Eymundsson á Ísafirði, Hafnarstræti 2.

Eymundsson.is

Skiptimiðinn Eymundsson

Eymundsson
Bóksali frá 1872